

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 15. júlí 1991

um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE

(91/496/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Dýr á fæti eru talin upp í II. viðauka við sáttmálann.

Með setningu meginreglna í bandalaginu um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum frá þriðju löndum verður auðveldara að tryggja nægar vörubirgðir og stöðugleika markaðarins auk þess sem nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda dýraheilbrigði eru samhæfðar um leið.

Í 23. gr. tilskipunar ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽³⁾ er meðal annars kveðið á um að ráðið skuli setja almennar reglur og meginreglur um eftirlit með innflutningi frá þriðju löndum á dýrum sem falla undir áður nefnda tilskipun.

Sannprófa skal skjöl og auðkenni hvernar sendingar dýra frá þriðju löndum um leið og dýrin koma inn á firræðasvæði bandalagsins.

Setja ber meginreglur fyrir allt bandalagið um skipulagningu eftirlits með ástandi, sem lögbær dýraheilbrigðisfyrirvöld skulu annast, og um framhald þessa eftirlits.

Miklu máli skiptir að gerðar verði verndarráðstafanir. Í því tilliti þarf framkvæmdastjórnin að geta haft áhrif, meðal annars með því að heimsækja viðkomandi staði og samþykka ráðstafanir sem hæfa aðstæðum.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB nr. C 89, 6. 4. 1991, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtuð. EB nr. C 183, 15. 7. 1991.

⁽³⁾ Stjtuð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/174/EBE (Stjtuð. EB nr. L 85, 5. 4. 1991, bls. 37.)

Til að eftirlitskerfið gangi vel er nauðsynlegt að ákveða málsmeðferð við viðurkenningu, hafa eftirlit með skoðunarstöðvum á landamærum og skiptast á embættismönnum sem hafa umboð til að annast eftirlit með lifandi dýrum frá þriðju löndum.

Sú staðreynd að eftirlit á innri landamærum verður lagt niður með tilkomu hins innri markaðar eykur enn mikilvægi þess að settar verði sameiginlegar meginreglur í bandalaginu.

Breyta ber tilskipunum 89/662/EBE ⁽⁴⁾, 90/425/EBE, og 90/675/EBE til að aðlaga þær ákvæðum þessarar tilskipunar.

Nauðsynlegt virðist að gera tilteknar tímabundnar aðlögunarráðstafanir til að auðvelda breytinguna yfir í nýja eftirlitsfyrirkomulagið sem er innleitt með þessari tilskipun.

Framkvæmdastjórninni skal falið það verkefni að samþykka ráðstafanir um beitingu þessarar tilskipunar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá um dýraheilbrigðiseftirlit með dýrum sem eru flutt inn í bandalagið frá þriðju löndum, í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um dýraheilbrigðiseftirlit með gæludýrum sem ferðamenn flytja með sér, svo framarlega sem slíkt er ekki gert í verslunarskyni, nema um hófdýr sé að ræða.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun gilda skilgreiningarnar í 2. gr. tilskipunar 90/425/EBE eftir því sem við á.

2. Auk þess er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „sannprófun skjala“: sannprófun dýraheilbrigðisvottorða eða -skjala sem fylgja dýrinu;

⁽⁴⁾ Stjtuð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13.

- b) „sannprófun auðkenna“: sannprófun, sem fer eingöngu fram með sjónrænni skoðun, á því að samræmi sé milli skjalanna eða vottorðanna og dýranna og að dýrin séu merkt með réttum hætti;
- c) „eftirlit með ástandi“: eftirlit með sjálfu dýrinu, ef til vill með sýnatöku og prófi á rannsóknarstofu og, ef við á, viðbótareftirlit meðan dýrið er í sóttkví;
- d) „innflytjandi“: einstaklingur eða löggjafarstjórn sem kemur með dýr til innflutnings til bandalagsins;
- e) „sending“: fjöldi dýra af sömu tegund sem sama dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal gildir um, sem er flutt með sama flutningatæki og kemur frá sama þriðja landi eða sama hluta þriðja lands;
- f) „skoðunarstöð á landamærum“: skoðunarstöð sem er í nágrenni ytri landamæra eins af yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka við tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum⁽¹⁾, og sem er tilnefnd og viðurkennd í samræmi við 6. gr.

I. KAFLI

Skipulagning og framhald eftirlits

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess:
 - a) að innflytjendur láti starfsmenn dýraheilbrigðiseftirlits skoðunarstöðvar á landamærum þar sem komið er með dýrin vita að minnsta kosti einum virkum degi áður um fjölda, tegund og áætlaðan komutíma dýranna;
 - b) að farið sé með dýrin, undir opinberu eftirliti, beint á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum sem um getur í 6. gr. eða, eftir atvikum, á sóttvarnarstöðina sem kveðið er á um í öðrum undirlitð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr.;
 - c) að ekki sé heimilt að fara með dýrin frá þessum stöðvum nema, með fyrirvara um sérákvæði sem kunna að verða samþykkt samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr., sannað sé:
 - i) með vottorði sem kveðið er á um í öðrum undirlitð 1. mgr. 7. gr. eða í 8. gr., að dýraheilbrigðiseftirlit hafi farið fram með viðkomandi dýrum í samræmi við 1. mgr. og a-, b- og d-lið 2. mgr. 4. gr. og 8. og 9. gr., og að skilyrði lögbærs yfirvalds þar að lútandi hafi verið uppfyllt;

- ii) að búið sé að greiða fyrir dýraheilbrigðiseftirlitið og, ef við á, að trygging hafi verið sett fyrir hugsanlegum kostnaði sem kveðið er á um í öðrum og þriðja undirlitð 1. mgr. 10. gr., 6. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 12. gr.;

- d) að tollyfirvöld heimili ekki afgreiðslu til frjálsrar dreifingar á yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE nema, með fyrirvara um sérákvæði sem kunna að verða samþykkt í samræmi við málsmeðferð 23. gr., sannað sé að kröfum c-liðar hafi verið fullnægt.

2. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að á skoðunarstöð á landamærum yfirráðasvæðis sem um getur í I. viðauka tilskipunar 90/675/EBE séu skjöl og auðkenni sannprófuð vegna hvernar sendingar dýra frá þriðja landi, án tillits til tollafgreiðslustaðar, enda hafi skoðunarstöðin leyfi til þess, til að ganga úr skugga um:
 - uppruna þeirra,
 - síðari viðtökustað þeirra, einkum þegar um umflutning er að ræða eða dýr sem falla undir viðskipti sem hafa ekki verið samhæfð í bandalaginu eða sérstakar kröfur sem eru viðurkenndar með ákvörðun bandalagsins og varða viðtökuaðildarríkið,
 - að upplýsingarnar í vottorðunum eða skjölunum veiti þær ábyrgðir sem krafist er í reglum bandalagsins eða, hafi viðskipti með dýrin ekki verið samhæfð í bandalaginu, þær ábyrgðir sem krafist er í innlendum reglum er gilda um hin ýmsu tilvik sem falla undir þessa tilskipun.

2. Með fyrirvara um undanþágur samkvæmt 8. gr., skal opinber dýralæknir sjá um eftirlit með ástandi dýra sem komið er með á skoðunarstöð á landamærum. Eftirlitið skal einkum felast í:
 - a) klínískri rannsókn á dýrunum til að ganga úr skugga um að þau samrýmist upplýsingunum sem kveðið er á um í meðfylgjandi vottorði eða skjali og að þau séu klínískt heilbrigð.

Samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr. er unnt að veita undanþágu fyrir tiltekna flokka og tegundir dýra, með tilteknum skilyrðum og í samræmi við reglur sem setja skal með sömu málsmeðferð, frá meginreglunni um klíníska rannsókn einstaklinga;

- b) rannsóknarstofuprófum sem teljast nauðsynleg eða sem kveðið er á um í reglum bandalagsins;
- c) töku opinberra sýna, ef til kemur, sem á að rannsaka með tilliti til efnaleifa og láta efnagreina eins skjótt og auðið er;

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.

- d) sannprófun á því að farið sé að þeim lágmarkskröfum sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 77/489/EBE frá 18. júlí 1977 um verndun dýra í millilandaflutningi ⁽¹⁾.

Með tilliti til síðara eftirlits með flutningi og, ef við á, til að sjá um að viðbótarkröfum viðtökufyrirtækis verði fullnægt skal opinberi dýralæknirinn senda lögbærum yfirvöldum viðtökuaðildarríkis nauðsynlegar upplýsingar með aðstoð upplýsingaskiptakerfisins sem kveðið er á um í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE.

Opinbera dýralækninum er heimilt að láta sérmenntaða starfsmenn sem vinna undir hans stjórn aðstoða sig við tiltekin verk.

3. Samt sem áður er heimilt, þrátt fyrir 1. og 2. mgr., að sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi dýra, sem eru flutt um höfn eða flugvöll inn á yfirráðasvæði sem er skilgreint í I. viðauka tilskipunar 90/675/EBE, fari fram í þeirri viðtökuhöfn eða á þeim viðtökuflygvelli, að því tilskildu að höfnin eða flugvöllurinn sé landamæraskoðunarstöð af því tagi sem um getur í 6. gr. og að dýrin verði flutt áfram, annaðhvort sjóleiðis eða með flugi, með sama skipi eða sömu flugvél. Í því tilvikum skal lögbæra yfirvaldið sem annaðist sannprófun skjalanna tilkynna opinbera dýralækninum á skoðunarstöð viðtökuaðildarríkisins, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu dýraheilbrigðisyfirvalds á staðnum, um upplýsingaskiptakerfið sem um getur í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE, að dýrin hafi farið þar um.

4. Allur kostnaður í tengslum við framkvæmd þessarar greinar hvílir á sendanda, viðtakanda eða fulltrúa þeirra, án endurgreiðslu af hálfu aðildarríkisins.

5. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar, þar með talið um þjálfun og hæfi aðstoðarmanna, samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

5. gr.

Banna skal innflutning inn á yfirráðasvæði sem er skilgreint í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE ef eftirlit leiðir í ljós:

- a) að dýr af tegundum sem falla undir samhæfðar innflutningsreglur bandalagsins, með fyrirvara um sérstök skilyrði með tilliti til flutnings og innflutnings hófdýra frá þriðju löndum sem kveðið er á um í 19. gr. tilskipunar 90/426/EBE ⁽²⁾, koma frá yfirráðasvæði eða hluta yfirráðasvæðis þriðja lands sem er ekki, að því er viðkomandi tegundir varðar, tilgreint í skránni sem er samin samkvæmt reglum bandalagsins eða sem innflutningur er bannaður frá samkvæmt ákvörðun bandalagsins;

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 200, 8. 8. 1977, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 42.

- b) að önnur dýr en þau sem um getur í a-lið fullnægi ekki þeim kröfum sem kveðið er á um í innlendum reglum er gilda um hin ýmsu tilvik sem falla undir þessa tilskipun;
- c) að dýrin þjáist af eða grunur leikur á að þau þjáist af eða séu haldin smitandi sjúkdómi eða sjúkdómi sem geti stofnað heilbrigði manna eða dýra í hættu, eða einhverja aðra ástæðu sem kveðið er á um í reglum bandalagsins;
- d) að þriðja landið sem flytur dýrin út hafi ekki fullnægt kröfunum sem kveðið er á um í reglum bandalagsins;
- e) að ástand dýranna komi í veg fyrir áframhaldandi flutning á þeim;
- f) að dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal sem fylgir með dýrunum uppfylli ekki þau skilyrði sem eru sett samkvæmt bandalagsreglum eða, ef reglur hafa ekki verið samhæfðar, þær kröfur sem kveðið er á um í innlendum reglum er gilda um hin ýmsu tilvik sem falla undir þessa tilskipun.

Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

6. gr.

1. Skoðunarstöðvar á landamærum skulu uppfylla skilyrði þessarar greinar.

2. Skoðunarstöðvar á landamærum skulu:

- a) vera á komustað inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE;

Samt sem áður er unnt að samþykkja tiltekna fjarlægð milli skoðunarstöðvar og komustaðar vegna landfræðilegra aðstæðna (t.d. affermingarbryggjur, járnbrautarstöðvar, fjallvegir) og að því tilskildu að löng leið sé á milli skoðunarstöðvarinnar og bújarða eða staða þar sem dýr eru haldin sem líkur eru á að séu með smitandi sjúkdóma;

- b) vera á tollsvæði þar sem unnt er að uppfylla önnur formsatriði er varða stjórnsýslu, þar með talin tollmeðferð í tengslum við innflutning;

- c) vera tilnefndar og viðurkenndar í samræmi við 3. mgr.;

- d) vera undir stjórn opinbers dýralæknis sem í raun ber ábyrgð á eftirlitinu. Opinbera dýralækninum er heimilt að láta sérmenntaða starfsmenn sem vinna undir hans stjórn aðstoða sig.

3. Fyrir 1. janúar 1992, eftir að innlend yfirvöld hafa gert úrtakslista yfir landamærastöðvar í samráði við þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar sem sannprófa að stöðvarnar uppfylli lágmarkskröfur viðauka A, skulu aðildarríkin afhenda framkvæmdastjórninni skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem sjá um dýraheilbrigðiseftirlit, ásamt upplýsingum um:

- a) tegund skoðunarstöðvar á landamærum:
- höfn,
 - flugvöllur,
 - skoðunarstöð við þjóðveg,
 - skoðunarstöð við járnbraut;
- b) tegund dýra sem unnt er að hafa eftirlit með á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, að teknu tilliti til búnaðar og dýraheilbrigðisstarfsfólks á staðnum, ef til vill með upplýsingum um dýr sem ekki er unnt að hafa eftirlit með á þessum skoðunarstöðvum og afgreiðslutíma sérstaklega viðurkenndrar skoðunarstöðvar á landamærum að því er varðar skráð hófdýr;
- c) fjölda starfsmanna við dýraheilbrigðiseftirlit:
- fjölda opinberra dýralækna, og skal einn opinber dýralæknir hið minnsta vera við störf þegar skoðunarstöðin á landamærunum er opin,
 - fjölda sérmenntaðra aðstoðarmanna;
- d) búnað og húsnæði fyrir:
- sannprófun skjala,
 - eftirlit með ástandi,
 - sýnatöku,
 - almennu prófin sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 4. gr.,
 - sérstök próf sem opinberi dýralæknirinn fyrirskipar;
- e) rými í því húsnæði sem er fyrir hendi til að hýsa dýrin í meðan beðið er eftir niðurstöðum úr prófum;
- f) tegund búnaðar fyrir hröð upplýsingaskipti, einkum við aðrar skoðunarstöðvar á landamærum;
- g) umfang viðskipta (tegund og fjöldi dýra sem fer um þessa skoðunarstöð á landamærum).

4. Í samráði við lögbær innlend yfirvöld skal framkvæmdastjórnin skoða þær skoðunarstöðvar á landamærum sem eru tilnefndar í samræmi við 3. mgr., með það í huga að tryggja samræmda beitingu reglna um dýraheilbrigðiseftirlit og að hinar ýmsu skoðunarstöðvar á landamærum hafi í raun yfir nauðsynlegum grunnvirkjum að ráða og fullnægi lágmarkskröfum viðauka A.

Eigi síðar en 1. janúar 1992 skal framkvæmdastjórnin afhenda fastanefnd um dýraheilbrigði skýrslu um niðurstöðu skoðunarinnar sem um getur í fyrstu undirgrein ásamt tillögum, þar sem tillit er tekið til ályktana í skýrslunni, með það í huga að koma upp bandalagsskrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum. Skrána skal samþykkja og uppfæra í samræmi við málsmeðferð 22. gr.

Í skýrslunni skal gera grein fyrir vandamálum sem kæmu upp hjá tilteknum aðildarríkjum ef úrtakslistinn sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. hefði þau áhrif að fjölmargar skoðunarstöðvar á landamærum yrðu útilokaðar 1. júlí 1992.

Til að leysa þennan vanda er heimilt að starfrækja sumar þessara landamærastöðva og veita þeim þriggja ára frest hið mesta til að fara að kröfum þessarar tilskipunar að því er varðar búnað og skipulag.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrána yfir viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum og allar uppfærslur á henni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. Ef nauðsyn ber til skal framkvæmdastjórnin samþykkja nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

7. gr.

1. Ef dýr af tegundum, sem falla undir innflutningsreglur sem hafa verið samhæfðar í bandalaginu, eru ekki ætluð til markaðssetningar á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem annaðist eftirlitið sem um getur í 4. gr., skal opinberi dýralæknirinn á skoðunarstöðinni á landamærunum, með fyrirvara um þær sérkröfur sem gilda um skráð hófdýr sem auðkennisskjalið, sem kveðið er á um í tilskipun 90/427/EBE ⁽¹⁾, fylgir:

- láta hlutaðeigandi fá staðfest afrit af frumriti vottorðanna eða, ef sendingu er skipt, nokkur staðfest afrit af frumriti vottorðanna fyrir dýrin; gildistími afritanna skal vera 10 dagar hið mesta,

- gefa út vottorð eftir fyrirmyndinni sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr., þar sem fram kemur að eftirlitið sem um getur í 1. mgr. og a-, b- og d-lið 2. mgr. 4. gr. hafi farið fram og uppfylli kröfur opinbera dýralæknisins, hvaða sýni hafa verið tekin og tilgreint er um niðurstöður úr rannsóknarstofuprófum eða hvenær búist er við að niðurstöðurnar liggja fyrir,

- varðveita frumrit vottorðsins eða vottorðanna sem fylgja dýrunum.

2. Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu 1. mgr. samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

3. Þegar dýrin sem um getur í 1. mgr. hafa farið um skoðunarstöðvar á landamærum og hafa verið flutt inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE skulu viðskipti með þau fara fram í samræmi við reglur um dýraheilbrigðiseftirlit sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/425/EBE.

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 55.

Í þeim upplýsingum sem lögbært yfirvald á viðtökustað sendir um upplýsingaskiptakerfið sem kveðið er á um í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE skal einkum koma fram hvort:

- dýrin eiga að fara til aðildarríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda,
- sýni hafi verið tekin en niðurstöður hafi ekki legið fyrir þegar flutningatækið fór frá viðkomandi skoðunarstöð á landamærum.

8. gr.

A. Aðildarríkin skulu sjá til þess að:

1. dýraheilbrigðiseftirlit með innflutningi dýra af tegundum sem falla ekki undir viðauka A við tilskipun 90/425/EBE fari fram í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

- a) ef komið er með dýrin beint á eina af skoðunarstöðvunum á landamærum aðildarríkis sem hyggst flytja þau inn skal allt eftirlit sem kveðið er á um í 4. gr. fara fram á þeirri stöð;
- b) ef komið er með dýrin á skoðunarstöð á landamærum í öðru aðildarríki með fyrirfram veittu samþykki þess aðildarríkis:
 - i) skal annaðhvort allt eftirlit sem um getur í 4. gr. fara fram á þeirri stöð fyrir viðtökuaðildarríkið, einkum til að sjá til þess að farið hafi verið að dýraheilbrigðiskröfum þess ríkis;
 - ii) eða, ef samningur hefur verið gerður milli lögbærra stjórnvalda tveggja aðildarríkja og, ef við á, stjórnvalda umflutningsaðildarríkisins eða umflutningsaðildarríkjanna, einungis eftirlitið sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. skal fara fram á þeirri stöð og í því tilviki skal eftirlitið sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. fara fram í viðtökuaðildarríkinu.

Í síðara tilvikinu má þó ekki flytja dýrin úr viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, þar sem sannprófun skjala og auðkenna hefur farið fram, nema þau séu í lokuðum farartækjum og opinberi dýralæknirinn:

- hafi tilgreint á afriti eða, ef sendingu er skipt, á afritum upprunalegu vottorðanna að dýrin hafi farið þar um og eftirlit hafi farið fram,
- hafi tilkynnt dýraheilbrigðisyfirvaldi á viðtökustað eða, eftir atvikum, umflutningsaðildarríki eða -ríkjum, um upplýsingaskiptakerfið sem kveðið er á um í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE, að dýrin hafi farið þar um,

- hafi, þrátt fyrir c-lið 1. mgr. 3. gr., samþykki lögbærra tollyfirvalda á framangreindri skoðunarstöð á landamærum vegna viðkomandi dýra.

Þegar um er að ræða dýr til slátrunar geta aðildarríkin eingöngu beitt málsmeðferð i-liðar.

Aðildarríkin skulu, á fundi í fastanefndinni um dýraheilbrigði, tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þau tilvik þegar málsmeðferð ii-liðar er beitt;

2. þar til búið er að samþykkja sérstakar ákvarðanir sem kveðið er á um í reglum bandalagsins skuli flytja inn dýr, sem falla undir viðskipti sem hafa verið samþæfð í bandalaginu en koma frá þriðja landi þar sem enn hafa ekki verið sett samræmd dýraheilbrigðisskilyrði, með eftirfarandi skilyrðum:

- þau verða að hafa verið í þriðja sendingarlandi að minnsta kosti þau tímabil sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 72/462/EBE frá 12. desember 1972 um heilbrigðis- og heilbrigðiseftirlitsvanda við innflutning á nautgripum, sauðfé, geitum og svínnum og nýju kjöti eða kjötafurðum frá þriðju löndum ⁽¹⁾,

- haft skal eftirlit með þeim í samræmi við 4. gr.,

- ekki má flytja þau frá skoðunarstöð á landamærum eða sóttvarnarstöð nema eftirlitið sýni að dýrið eða sendingin:

i) samrýmist, með fyrirvara um sérstakar kröfur sem gilda um hlutaðeigandi þriðju lönd að því er varðar sjúkdóma sem eru framandi í bandalaginu, annaðhvort kröfum um dýraheilbrigði sem gilda í viðskiptum með viðkomandi tegundir og mælt er fyrir um í þeim tilskipunum sem um getur í viðauka A við tilskipun 90/425/EBE eða kröfum um dýraheilbrigði sem mælt er fyrir um í tilskipun 72/462/EBE,

ii) eða, að því er varðar einn eða fleiri tiltekna sjúkdóma, fullnægi kröfum um jafngildi, sem er viðurkennt samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr. á gagnkvæmnisgrundvelli, milli krafna þriðja landsins og krafna bandalagsins,

- ef þau eiga að fara til aðildarríkis sem hefur ávinning af viðbótarábyrgðum sem kveðið er á um í iii- og iv-lið e-liðar 1. mgr. 3. gr. tilskipun-

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 302, 31.12.1972, bls. 28. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/266 (Stjútíð. EB nr. L 134, 29. 5. 1991, bls. 45).

ar 90/425/EBE, skulu þau fullnægja viðkomandi kröfum sem mælt er fyrir um vegna viðskipta innan bandalagsins,

— þegar þau hafa farið um skoðunarstöð á landamærum skulu þau send til viðtökusláturhúss ef um dýr til slátrunar er að ræða eða til viðtökubújarðar ef um er að ræða dýr til undaneldis og nytja eða fiskeldisdýr;

3. ef eftirlitið sem kveðið er á um í 1. og 2. lið leiðir í ljós að dýrið eða sendingin samrýmist ekki þeim kröfum sem þar er mælt fyrir um, sé ekki heimilt að flytja dýrið eða sendinguna frá skoðunarstöð á landamærum eða úr sóttvarnarstöð og gilda þá ákvæði 12. gr.;
4. ef dýrin sem um getur í 1. lið eiga ekki að fara á markað á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem annaðist dýraheilbrigðiseftirlitið skuli ákvæði 7. gr. gilda, einkum þau er varða útgáfu vottorðsins;
5. á viðtökustað skuli dýr til undaneldis og nytja vera undir opinberu eftirliti lögbærra dýraheilbrigðisýfirvalda. Að loknu eftirlitstímabili, sem er ákvarðað í samræmi við málsmeðferð 23. gr., geta viðskipti með dýrin átt sér stað innan bandalagsins með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/425/EBE.

Dýr til slátrunar skulu, í sláturhúsi á viðtökustað, heyra undir reglur bandalagsins um slátrun viðkomandi tegunda.

B. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

9. gr.

1. Aðildarríki skulu heimila umflutning dýra frá einu þriðja landi til annars þriðja lands, að því tilskildu að:

- a) opinber dýralæknir á skoðunarstöð á landamærum aðildarríkis sem yfirráðasvæðið, þar sem koma skal með dýrin til eftirlitsins sem kveðið er á um í 4. gr., tilheyri og, ef við á, þar til bært stjórnvald umflutningsaðildarríkisins eða -ríkjanna hafi áður heimilað slíkan umflutning;
- b) hlutaðeigandi aðili leggi fram sönnun um að fyrsta þriðja landið sem dýrin eru send til, eftir umflutning um eitt yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE, skuldbindi sig til þess að vísa í engu tilviki frá eða endursenda dýr sem það hefur leyft

innflutning eða umflutning á og að á yfirráðasvæðum sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE muni það fara að reglum bandalagsins um vernd meðan á flutningi stendur;

- c) eftirlitið sem um getur í 4. gr. sannfæri dýralækninn um, ef við á eftir að dýrin hafa verið á sóttvarnarstöð, að dýrin standist kröfur þessarar tilskipunar eða, að því er varðar dýr sem um getur í viðauka A við tilskipun 90/425/EBE, gefi kost á heilbrigðisábyrgðum sem eru viðurkenndar í samræmi við málsmeðferð 23. gr. og eru að minnsta kosti jafngildar kröfunum;
- d) lögbært yfirvald á skoðunarstöð á landamærum tilkynni lögbærum yfirvöldum umflutningsaðildarríkis eða -ríkja og lögbærum yfirvöldum brottfararstaðar á landamærum, um upplýsingaskiptakerfið sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 12. gr., að dýrin hafi farið þar um;
- e) þegar um er að ræða gegnumferð um eitt yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE fari slíkur umflutningur fram samkvæmt málsmeðferð um utanaðkomandi umflutning bandalagsins eða annarri tollmeðferð umflutnings sem kveðið er á um í reglum bandalagsins. Eina meðhöndlunin sem er leyfð meðan á umflutningi stendur skal vera sú sem fer fram á komustöðum inn á og brottfararstöðum frá einu af yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka og aðgerðir sem eiga að tryggja velferð dýranna.

2. Allur kostnaður í tengslum við beitingu þessarar greinar hvílir á sendanda, viðtakanda eða fulltrúa þeirra án þess að endurgreiðslur aðildarríkisins komi til.

10. gr.

1. Í tilvikum þegar reglur bandalagsins eða innlendar reglur á viðtökustað, á sviðum sem hafa ekki verið samhæfð og í samræmi við almenn ákvæði sáttmálans, kveða á um að lifandi dýr skuli sett í sóttkví eða einangrun er heimilt að setja dýrin í sóttkví eða einangrun:

- á sóttvarnarstöð í þriðja landi sem er upprunaland, að því tilskildu að hún hafi verið samþykkt samkvæmt málsmeðferðinni í 22. gr. og að dýraheilbrigðisráðgjafingur bandalagsins skoði hana reglubundið, nema um sé að ræða gin- og klaufaveiki, hundaæði og Newcastle-veiki,
- á sóttvarnarstöð sem er á yfirráðasvæði bandalagsins og uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðauka B,
- á viðtökubújörð.

Heimilt er, samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr., að mæla fyrir um sérstakar verndarráðstafanir sem skulu gerðar við flutning milli sóttvarnarstöðvar, uppruna- og viðtökubýla og skoðunarstöðva á landamærum, og á sóttvarnarstöðvunum sem um getur í fyrsta undirlíð fyrri undirgreinar.

2. Ef opinber dýralæknir sem ber ábyrgð á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum fyrirskipar sóttkví skal setja dýrin í sóttkví, allt eftir því hve alvarleg hættan er talin:

- annaðhvort á sjálfri skoðunarstöðinni eða í næsta nágrenni hennar,
- eða á viðtökubújörð,
- eða á sóttvarnarstöð sem er í nágrenni viðtökubújarðar.

3. Almenn skilyrði, sem sóttvarnarstöðvar sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið 1. mgr. skulu uppfylla, eru sett í viðauka B.

Sérstök skilyrði fyrir viðurkenningu mismunandi dýrategunda skulu samþykkt samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

4. Fylgja skal málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 22. gr. við viðurkenningu og alla síðari uppfærslu á skránni yfir sóttvarnarstöðvar sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið 1. mgr. og fyrsta undirlið 2. mgr. Sóttvarnarstöðvarnar falla undir eftirlitið sem kveðið er á um í 19. gr.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrána yfir sóttvarnarstöðvar og allar síðari uppfærslur á henni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. Önnur undirgrein 1. mgr. og ákvæði 3. og 4. mgr. skulu ekki gilda um sóttvarnarstöðvar sem eru eingöngu fyrir dýrin sem um getur í 1. tölul. A-hluta 8. gr.

6. Allur kostnaður í tengslum við beitingu þessarar greinar hvílir á sendanda, viðtakanda eða fulltrúa þeirra, án endurgreiðslu af hálfu aðildarríkisins.

7. Fyrir 1. janúar 1996 skal framkvæmdastjórnin afhenda ráðinu skýrslu, ef til vill ásamt tillögum, um þörfina fyrir sóttvarnarstöðvar í bandalaginu og fjárframlag frá bandalaginu til reksturs þeirra.

11. gr.

1. Með fyrirvara um önnur ákvæði þessa kafla skal opinber dýralæknir eða lögbært yfirvald sjá um það dýraheilbrigðiseftirlit sem telst viðeigandi ef grunur leikur á að ekki sé farið að dýraheilbrigðislöggjöfnni eða vafi leikur á sannkennslum viðkomandi dýrs.

2. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir á sviði stjórnsýslu eða réttargæslu til að refsfa fyrir brot einstaklinga eða lögpersóna á dýraheilbrigðislöggjöfnni ef í ljós kemur að reglur bandalagsins hafa verið brotnar, einkum ef sýnt er að vottorðin eða skjölin sem eru gefin út samsvara ekki raunverulegu ástandi dýranna, að auðkenni samrýmast ekki þessum reglum, ekki hefur verið komið með dýrin í skoðun

á skoðunarstöð á landamærum eða dýrin hafa ekki verið send á þann viðtökustað sem áður var tiltekinn.

12. gr.

1. Ef eftirlitið sem um getur í þessari tilskipun leiðir í ljós að dýr stenst ekki kröfur sem mælt er fyrir um í reglum bandalagsins eða, á sviðum sem enn hafa ekki verið samhæfð í bandalaginu, innlendum reglum eða eftirlitið leiðir í ljós vanrækslu skulu lögbær yfirvöld í samráði við innflytjanda eða fulltrúa hans ákveða:

- a) að hýsa, fódra, brynna og, ef nauðsyn ber til, meðhöndla dýrin; eða
- b) eftir atvikum, að setja þau í sóttkví eða einangra sendinguna;
- c) að endursenda dýrin frá þeim yfirráðasvæðum sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE, innan þeirra tímamarka sem lögbært innlent yfirvald setur, svo framarlega sem slíkt samræmist ákvæðum um heilbrigði dýra eða velferð.

Í því tilviki skal opinber dýralæknir á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum:

- tilkynna öðrum skoðunarstöðvum á landamærum, í samræmi við 4. mgr., að sendingunni hafi verið vísað frá, og gera grein fyrir þeim brotum sem hafa komið í ljós,
- samkvæmt fyrirkomulagi sem skilgreint skal í samræmi við málsmeðferð 23. gr., ógilda það dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal sem fylgir sendingunni sem vísað var frá,
- með millibili sem framkvæmdastjórnin ákveður, veita upplýsingar fyrir milligöngu lögbærra stjórnvalda um það í hverju brotin eru fólgin og hversu oft þau hafa átt sér stað.

Ef endursending er óframkvæmanleg, einkum með tilliti til velferðar dýranna:

- má opinberi dýralæknirinn, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds og að lokinni skoðun meðan dýrin eru enn lifandi, heimila slátrun dýranna til manneldis með þeim skilyrðum sem eru sett í reglum bandalagsins,
- skal opinberi dýralæknirinn, að öðrum kosti, fyrirskipa slátrun dýranna í öðrum tilgangi en til manneldis eða fyrirskipa að skrokkunum verði fargað og tilgreina skilyrði varðandi eftirlit með nýtingu afurðanna sem verða til með þessum hætti.

Stjórnvöld skulu, í samræmi við 4. mgr., tilkynna framkvæmdastjórninni um þau tilvik þar sem þessum undanþágum er beitt.

Framkvæmdastjórnin skal reglubundið láta fastanefndina um dýraheilbrigði vita um slík tilvik.

2. Kostnaður sem stofnað er til vegna þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í 1. mgr., þar með talið förgun sendingarinnar eða nýting kjötsins í öðrum tilgangi, hvílir á innflytjanda eða fulltrúa hans.

Afrakstur af sölu afurðanna sem um getur í þriðju undirgrein c-liðar 1. mgr. skal renna til eiganda dýranna eða fulltrúa hans, að frádregnum áður nefndum kostnaði.

3. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

4. Upplýsingar til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, skoðunarstöðva á landamærum og framkvæmdastjórnarinnar ber að senda samkvæmt áætlun um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna.

Í því skyni mun framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferð 23. gr., innleiða tölvuvætt gagnavinnslukerfi sem tengir skoðunarþjónustu á landamærum, lögbær dýraheilbrigðisyfirvöld og framkvæmdastjórnina, tekur til allra gagna um innflutning á dýrum frá þriðju löndum (Shift-áætlunin) og verður tengt við upplýsingaskiptakerfi dýraheilbrigðisyfirvalda sem kveðið er á um í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE.

5. Lögbær yfirvöld skulu, eftir atvikum, láta í té allar upplýsingar, sem þau hafa yfir að ráða, í samræmi við tilskipun ráðsins 89/608/EBE frá 21. nóvember 1989 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu lögjafar um heilbrigði dýra og dýrærkt⁽¹⁾.

13. gr.

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr. og á grundvelli áætlana sem um getur í annarri undirgrein skal framkvæmdastjórnin samþykkja reglur um innflutning dýra til slátrunar, sem eru ætluð til manneldis á staðnum, og dýra til undaneldis og nytja á tilteknum hlutum yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE, í því skyni að taka tillit til sérstakra náttúrulegra takmarkana þessara yfirráðasvæða, einkum fjarlægðar þeirra frá meginlandssvæði bandalagsins.

Með hliðsjón af þessu, og eigi síðar en 31. desember 1991, skulu aðildarríkin leggja áætlun fyrir framkvæmdastjórnina þar sem sett er fram málsmeðferð við eftirlit með innflutningi á dýrum frá þriðju löndum til svæðanna sem um getur í fyrstu undirgrein. Í þessum áætlunum skal tilgreina það eftirlit sem fer fram til að koma í veg fyrir að dýr sem eru flutt inn á þessi yfirráðasvæði eða afurðir úr þessum dýrum

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 351, 2. 12. 1989, bls. 34.

verði við einhverjar aðstæður sendar áfram til annarra hluta yfirráðasvæðis bandalagsins.

14. gr.

Til að framfylgja eftirlitinu sem um getur í 3. mgr. 7. gr. þessarar tilskipunar skal auðkenning og skrásetning sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 90/425/EBE, nema um sé að ræða dýr til slátrunar og skráð hófdýr, fara fram á viðtökustað dýranna, ef við á að loknu eftirlitstímabilinu sem kveðið er á um í 5. tölul. A-hluta 8. gr. þessarar tilskipunar.

Ákvarða skal málsmeðferð við auðkenningu og merkingu dýra til slátrunar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

15. gr.

1. Aðildarríki skulu innheimta heilbrigðisgjald við innflutning dýra, sem um getur í þessari tilskipun, til að greiða kostnað sem stofnað er til við heilbrigðis skoðanir og -eftirlit, eins og kveðið er á um í 4., 5. og 8. gr.

2. Ráðið skal, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, taka ákvörðun fyrir 1. júlí 1992 um fjárhæð eða fjárhæðir gjaldanna sem um getur í 1. mgr. og um nákvæmar reglur og meginreglur um framkvæmd þessarar tilskipunar og hugsanleg undantekningartilvik.

16. gr.

Samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr. og á gagnkvæmum grundvelli er heimilt, með ákveðnum skilyrðum og einkum í ljósi niðurstaðna úr eftirliti sem fer fram áður en þessi tilskipun er samþykkt, að láta sannprófun auðkenna og/eða eftirlit með ástandi fara sjaldnar fram, samanber þó eftirlit með því að farið sé að kröfum um velferð dýra meðan á flutningi stendur.

Þegar framkvæmdastjórnin veitir undanþágur af þessu tagi skal hún taka tillit til eftirfarandi:

- a) ábyrgða hlutaðeigandi þriðja lands gagnvart því að farið verði að kröfum bandalagsins, einkum kröfum í tilskipunum 72/462/EBE og 90/426/EBE;
- b) heilbrigðisástands dýra í hlutaðeigandi þriðja landi;
- c) upplýsinga um heilbrigðisástand í þriðja landinu;
- d) þeirra ráðstafana sem þriðja landið gerir til að hafa eftirlit með og berjast gegn sjúkdómum;
- e) skipulags og heimilda dýraheilbrigðisþjónustunnar;
- f) reglna um leyfi fyrir tilteknum eignum og fullnægingu krafna sem eru settar fram í 7. gr. tilskipunar ráðsins

86/469/EBE frá 16. september 1986 um athuganir á efnaleifum í dýrum og nýju kjöti ⁽¹⁾;

- g) niðurstaðna úr skoðunarheimsóknum á vegum bandalagsins;
- h) niðurstaðna úr eftirliti sem fer fram við innflutning.

17. gr.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki hafa áhrif á rétt samkvæmt gildandi lögum aðildarríkis til að áfrýja ákvörðunum lögbærra yfirvalda.

Ákvarðanir sem lögbær yfirvöld viðtökuáðildarríkis taka, og rökin fyrir slíkum ákvörðunum, ber að tilkynna til þess innflytjanda sem slíkar ákvarðanir varða, eða fulltrúa hans.

Að beiðni hlutaðeigandi innflytjanda, eða fulltrúa hans, skal afhenda honum skriflegar upplýsingar um áðurnefndar ákvarðanir og rökin fyrir þeim, ásamt upplýsingum um áfrýjunarrétt hans samkvæmt gildandi lögum aðildarríkisins þar sem skoðunarstöðin á landamærunum er, og um þá málsmeðferð og þann frest sem í gildi er.

II. KAFLI

Öryggisákvæði

18. gr.

1. Ef sjúkdómur sem um getur í tilskipun 82/894/EBE frá 21. desember 1982 um tilkynningu dýrasjúkdóma innan bandalagsins ⁽²⁾, dýrasjúkdómur sem einnig getur lagst á menn, annar sjúkdómur eða annað það sem kann að stofna heilbrigði dýra eða manna í alvarlega hættu kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði þriðja lands, eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði dýra réttlætir slíkt, einkum í ljósi niðurstaðna úr eftirliti dýraheilbrigðissérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar, er framkvæmdastjórninni heimilt, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, að gera þegar í stað eina af eftirfarandi ráðstöfunum eftir því hve alvarlegt ástandið er:

- fella niður tímabundið innflutning frá hlutaðeigandi þriðja landi eða hluta þess og, eftir atvikum, frá umflutningslandi sem er þriðja land,
- setja sérstök skilyrði að því er varðar dýr frá hlutaðeigandi þriðja landi eða hluta þess.

2. Ef eftirlit sem kveðið er á um í þessari tilskipun leiðir í ljós að sending dýra kunni að stofna heilbrigði dýra eða

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 275, 26. 9. 1986, bls. 36.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 378, 31. 12. 1982, bls. 58. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun 90/134/EBE (Stjútíð. EB nr. L 76, 22. 3. 1990, bls. 23).

manna í hættu skulu lögbær dýraheilbrigðisyfirvöld þegar í stað gera eftirfarandi ráðstafanir:

- leggja hald á og farga sendingunni,
- þegar í stað tilkynna öðrum skoðunarstöðvum á landamærum og framkvæmdastjórninni um niðurstöðurnar og uppruna dýranna, í samræmi við 4. mgr. 12. gr.

3. Í því tilviki sem kveðið er á um í 1. mgr. er framkvæmdastjórninni heimilt að gera tímabundnar verndarráðstafanir vegna dýra er heyra undir 9. gr.

4. Fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt að heimsækja hlutaðeigandi þriðja land þegar í stað.

5. Ef aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni opinberlega að þörf sé á að gera verndarráðstafanir og framkvæmdastjórnin hefur ekki beitt ákvæðum 1. og 3. mgr. eða vísað málinu til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði í samræmi við 6. mgr., er aðildarríkinu heimilt að gera tímabundnar verndarráðstafanir vegna viðkomandi dýra.

Ef aðildarríki gerir tímabundnar verndarráðstafanir gagnvart þriðja landi samkvæmt skilmálum þessarar greinar skal það tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þar um í samræmi við 5. mgr. 12. gr.

6. Áður en 10 virkir dagar eru liðnir skal vísa málinu til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði, samkvæmt skilmálum 22. gr., með það í huga að framlengja, breyta eða fella úr gildi ráðstafanir sem kveðið er á um í 1., 3. og 5. mgr.

7. Ákvarðanir um að framlengja, breyta eða fella úr gildi ráðstafanir sem eru gerðar með skírskotun til 1., 2., 3. og 6. mgr. skulu teknar í samræmi við málsmeðferð 22. gr.

8. Ef nauðsyn ber til skal samþykka nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

III. KAFLI

Skoðun

19. gr.

1. Dýraheilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt, í samvinnu við lögbær innlend yfirvöld og að því marki sem er nauðsynlegt fyrir samræmi í beitingu á kröfum þessarar tilskipunar, að ganga úr skugga um að skoðunarstöðvar á landamærum, sem eru samþykktar í samræmi við 6. gr., og sóttvarnarstöðvar, sem eru samþykktar í samræmi við 10. gr., uppfylli skilyrðin sem eru talin upp í viðaukum A og B.

2. Dýraheilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt, í samvinnu við lögbær innlend yfirvöld, að annast eftirlit á staðnum.

3. Þegar skoðun fer fram á yfirráðasvæði aðildarríkis skal það aðildarríki veita dýraheilbrigðissérfræðingum á vegum framkvæmdastjórnarinnar alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að þeir geti unnið verk sitt.

4. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um niðurstöður skoðana.

5. Framkvæmdastjórnin skal láta fastanefndina um dýraheilbrigði kanna aðstæður ef hún telur að niðurstaða eftirlits réttlæti slíkt. Henni er heimilt að samþykkja nauðsynlegar ákvarðanir í samræmi við málsmeðferðina í 22. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með framvindu mála. Í ljósi þeirrar framvindu og í samræmi við málsmeðferð 22. gr. er henni heimilt að breyta eða fella úr gildi þær ákvarðanir sem um getur í 5. mgr.

7. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

20. gr.

Ef lögbært yfirvald aðildarríkis telur, á grundvelli eftirlits sem fer fram á staðnum þar sem dýrin eru markaðsett, að brotið sé í bága við ákvæði þessarar tilskipunar á skoðunarstöð á landamærum í öðru aðildarríki skulu þau þegar í stað gera stjórnvöldum þess aðildarríkis viðvart.

Síðarnefnda yfirvaldið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna lögbæra yfirvaldinu í fyrrnefnda aðildarríkinu um það eftirlit sem hefur farið fram, þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökstuðning fyrir þeim.

Ef lögbært yfirvald fyrrnefnda aðildarríkisins telur ráðstafanirnar ófullnægjandi skal það, ásamt lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis, leita leiða til að bæta ástandið, ef nauðsyn ber til með því að heimsækja hlutaðeigandi aðildarríki.

Ef eftirlitið sem um getur í fyrstu undirgrein leiðir í ljós að ítrekað er brotið í bága við ákvæði þessarar tilskipunar skal lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis tilkynna það framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja.

Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni lögbærs yfirvalds viðtökuaðildarríkis eða að eigin frumkvæði og í samvinnu við lögbært innlent yfirvald, senda skoðunarhóp til hlutaðeigandi aðildarríkis. Skoðunarhópurinn getur, allt eftir því hvers eðlis meinta brotið er, verið um kyrrt í hlutaðeigandi aðildarríki þar til ákvarðanirnar sem um getur í síðustu undirgrein hafa verið teknar.

Þar til niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar liggja fyrir skal hlutaðeigandi aðildarríki, að beiðni viðtökuaðildarríkis, efla eftirlit á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum eða sóttvarnarstöð.

Viðtökuaðildarríkinu er að sínu leyti heimilt að efla eftirlit með dýrum sem koma frá þessum upprunastöðum.

Að beiðni eins eða tveggja hlutaðeigandi aðildarríkja skal framkvæmdastjórnin, ef skoðunin sem um getur í fimmtu undirgrein staðfestir brotið, gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina í 22. gr. Þessar ráðstafanir ber að staðfesta eða endurskoða eins skjótt og auðið er í samræmi við sömu málsmeðferð.

21. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera áætlun um skipti á starfsmönnum sem eru tilnefndir til að annast eftirlit með dýrum frá þriðju löndum.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu samræma áætlanirnar sem um getur í 1. mgr. innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

3. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja áætlunum sem byggjast á samræmingunni sem um getur í 2. mgr.

4. Á hvert skal fastanefndin um dýraheilbrigði endurskoða framkvæmd áætlana á grundvelli skýrslna frá aðildarríkjunum.

5. Aðildarríkin skulu taka tillit til þeirrar reynslu sem þau hafa aflað sér, í því skyni að bæta og þróa skiptiáætlanir.

6. Heimilt er að bandalagið veiti fé til að stuðla að þróun skiptiáætlana. Í ákvörðun ráðsins 90/424/EBE frá 26. júní 1990 um útgjöld á sviði dýraheilbrigðismála⁽¹⁾ eru settar nákvæmar reglur um slíkt framlag og þá fjárhæð sem áætlað er að komi á fjárlög Evrópubandalaganna.

7. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu 1., 4. og 5. mgr. samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði

22. gr.

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar sem kveðið er á um í þessari grein skal grípa til aðgerða í samræmi við 17. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 19. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 91/133/EBE (Stjtið. EB nr. L 66, 13. 3. 1991, bls. 18).

23. gr.

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar sem kveðið er á um í þessari grein skal grípa til aðgerða í samræmi við 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

24. gr.

Ef nauðsyn ber til skal breyta viðaukum þessarar tilskipunar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

25. gr.

Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á skuldbindingar sem grundvallast á tollákvæðum.

26. gr.

1. Ákvæði 12. og 28. gr. tilskipunar 72/462/EBE falli niður.

Þar til ákvarðanir sem kveðið er á um í 5. og 6. gr. þessarar tilskipunar hafa verið teknar gilda þau ákvæði sem eru sett samkvæmt 12. gr. tilskipunar 72/462/EBE.

2. Ákvæði 20. og 21. gr. tilskipunar 90/426/EBE og 27. gr. og 2. mgr. 29. gr. tilskipunar 90/539/EBE falli niður.

27. gr.

1. Tilskipun 89/662/EBE er breytt sem hér segir:

- a) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 1992“ í 2. mgr. 19. gr. komi „31. desember 1996“;
- b) Í stað 22. gr. komi eftirfarandi:

„22. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1992.“

2. Tilskipun 90/425/EBE er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess, við eftirlit sem fer fram á stöðum þar sem heimilt er að flytja dýr og afurðir, sem um getur í I. viðauka, frá þriðju löndum inn á yfirráðasvæðin sem eru skilgreind í I. viðauka tilskipunar 90/675/EBE(*), svo sem höfnum, flugvöllum og skoðunarstöðvum á landamærum sem liggja að þriðju löndum:

- a) að fram fari sannpröfun vottorða eða skjala sem fylgja dýrum og afurðum;

- b) að dýr og afurðir frá bandalaginu heyri undir eftirlitsreglurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr.;
- c) að afurðir frá þriðju löndum heyri undir reglurnar sem settar eru í tilskipun 90/675/EBE;
- d) að dýr frá þriðju löndum heyri undir reglurnar sem settar eru í tilskipun 91/496/EBE.

2. Frá 1. janúar 1993 og þrátt fyrir 1. mgr. skulu þó öll dýr og afurðir, sem eru flutt með flutningatæki sem tengir saman tvo landfræðilega aðgreinda staði í bandalaginu með reglulegum og beinum hætti, heyra undir eftirlitsreglurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr.“

- b) Í stað 23. gr. komi eftirfarandi:

„23. gr.

Ráðið skal, á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar og hugsanlegra tillagna sem ráðið tekur ákvörðun um með auknum meirihluta, endurskoða:

- ákvæði 10. gr. og a-liðar 2. mgr. 5. gr. fyrir 1. janúar 1993,
- önnur ákvæði fyrir 1. janúar 1996.“

- c) Í 26. gr.:

í stað ii-liðar fyrstu undirgreinar komi:

„ii) önnur ákvæði þessarar tilskipunar fyrir 1. júlí 1992.“;

önnur undirgrein falli niður.

3. Tilskipun 90/675/EBE er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 6. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„6. Áður en 10 virkir dagar eru liðnir skal vísa málinu til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði, samkvæmt skilmálum 23. gr., með það í huga að framlengja, breyta eða fella úr gildi ráðstafanir sem kveðið er á um í 1., 3. og 5. mgr. Einnig er heimilt að samþykkja nauðsynlegar ákvarðanir samkvæmt málsmeðferð 23. gr., þar með talið ákvarðanir sem tengjast flutningi afurða innan bandalagsins og umflutningi.“

- b) Í stað „31. desember 1991“ í 32. gr. komi „1. júlí 1992“.

28. gr.

Í samræmi við málsmeðferð 23. gr. er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja til þriggja ára þær aðlögunarráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að auðvelda breytinguna yfir í nýja eftirlitsfyrirkomulagið, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

29. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að nýta sér fjárhagsaðstoð bandalagsins sem kveðið er á um í 38. gr. tilskipunar 90/424/EBE vegna framkvæmdar þessarar tilskipunar, einkum vegna uppsetningar netkerfis fyrir upplýsingaskipti milli dýraheilbrigðisþjónustu og landamærastöðva.

30. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að:

- a) ákvæðum of 3. mgr. 6. gr. og 13., 18. og 21. gr. eigi síðar en 1. desember 1991;
- b) öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en 1. júlí 1992.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun

þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar tilskipunar, einkum B-hluta 8. gr., og taka upp kerfið, sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 12. gr., eigi síðar en 1. júlí 1992.

Ef það næst ekki fyrir daginn sem um getur í fyrri undirgrein skal gera aðlögunarráðstafanirnar sem kveðið er á um í 28. gr. fyrir þann dag.

31. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. júlí 1991.

Fyrir hönd ráðsins,

P. BUKMAN

forseti.

VIÐAUKI A

Almenn skilyrði fyrir viðurkenningu skoðunarstöðva á landamærum

Til að hljóta EBE-viðurkenningu skulu skoðunarstöðvar á landamærum hafa:

- 1) sérstaka aðrein fyrir flutning lifandi dýra, til að hlífa dýrunum við tilefnislausri bið;
- 2) aðstöðu (sem auðvelt er að þrifa og sóthreinsa) fyrir fermingu og affermingu ólíkra flutningataekja, skoðun, fóðrun, bryningu og meðhöndlun dýranna, þar sem rými, lýsing og lofræsting er fullnægjandi með tilliti til þess fjölda dýra sem á að skoða;
- 3) nógu marga dýralækna og sérþjálfaða aðstoðarmenn til að þeir geti, með tilliti til þess fjölda dýra sem fer um viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, sannprófað fylgiskjöl og framkvæmt klíníska eftirlitið sem um getur í 4., 5., 8. og 9. gr. þessarar tilskipunar;
- 4) nógu rúmgott húsnæði fyrir starfsmennina sem annast dýraheilbrigðiseftirlitið, þar með talið búningsherbergi, sturtur og salerni;
- 5) húsnæði og aðstöðu sem hentar fyrir sýnatöku og úrvinnslu sýna í tengslum við kerfisbundna eftirlitið sem mælt er fyrir um í bandalagsreglum;
- 6) aðgang að þjónustu sérhæfðrar rannsóknarstofu þar sem unnt er að gera sérstök próf á sýnunum sem eru tekin á stöðinni;
- 7) aðgang að starfsstöð í næsta nágrenni stöðvarinnar með aðstöðu og búnað til að hýsa, fóðra, brynna, meðhöndla og, ef nauðsyn ber til, slátra dýrunum;
- 8) hentuga aðstöðu, ef skoðunarstöðvarnar eru áningar- eða umfermingarstaðir við flutning dýra, til að unnt sé að afferma, brynna, fóðra og hýsa dýrin ef þörf krefur og meðhöndla þau eða, ef nauðsyn ber til, slátra þeim á staðnum á þann hátt að þau þurfi ekki að þjást að óþörfu;
- 9) viðeigandi búnað fyrir hröð upplýsingaskipti við aðrar skoðunarstöðvar á landamærum og lögbær dýraheilbrigðisyfirvöld sem um getur í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE;
- 10) búnað og aðstöðu fyrir þrif og sóthreinsun.

VIÐAUKI B

Almenn skilyrði fyrir viðurkenningu sóttvarnarstöðva

1. Kröfur 2., 4., 5., 7., 9. og 10. liðar viðauka A skulu gilda.
2. Þar að auki skulu sóttvarnarstöðvar:
 - vera undir stöðugu eftirliti opinbers dýralæknis og vera á hans ábyrgð,
 - vera staðsettar langt frá bújörðum og öðrum stöðum þar sem dýr eru haldin sem líkur eru á að séu með smitandi sjúkdóma,
 - hafa gott eftirlitskerfi til að tryggja viðunandi eftirlit með dýrunum.